

# HEIMIR



## EFNISYFIRLIT

Fólkið	-	-	-	-	Vilbur E. Nesbitt.
Kjör verkamanna	-	-	-	-	Ritstj.
Hugsjónir og framkvæmdir	-	-	-	-	John Snyder.
Sköpunarsögur Indíána	-	-	-	-	Ritstj.
Framþróun siðferðis	-	-	-	-	Ritstj.
Hættuleg einfaldni	-	-	-	-	Ritstj.
Úr öllum áttum	-	-	-	-	Ritstj.
Presturinn í baðstaðnum	-	-	-	-	August Strindberg





VIII. ÁR

1912

8 BLAÐ

# TIMBUR!

 VÉR höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglðu timbri.  
 Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

**The Empire Sash & Door Co. Limited**

Henry Avenue, East

## BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA


er til sölu hjá þessum mönnum:

---

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksölum.    ::    ::

---

VERÐ: 35 cent



## FÓLKIÐ.

Eftir WILBUR E. NESBITT.



Á þjóðbraut og lítt þektum leiðum, um landsbygðir afdal og strönd,

er fólkíð á sífeldum ferli, sem flóttamenn renni' yfir lönd.  
Og sumt af því syngur og kveður, það særir ei áhyggja nein,  
en öðrum er eymdin á herðum og andleg og líkamleg mein.  
En alt af það kemur og hverfur og kastast í gleyskunnar ós,  
og gruflandi þúsundir gizka á gátu sem engum er ljós

Og eins yfir jörðina alla er umferðin stöðug og jöfn,  
því hvatning til ferða hver finnur og fleyinu stýrir úr höfn.  
Einn þekkir óttann og högginn, en annan burt manndáðin knýr,  
og einn er sem stefnulaus álfur, en annar sem leiðtogi nýr.  
En af hverju, og hvaðan, og hvernig þeir hafa svo áþekka þrá.  
Þó einn þekki grát, annar gleði, er g tan sem ráðast á.

Vegirnir okkar eru' æfin, sem óðfluga líður hjá —

og ég og þú ferðumst jafn hart og jafnhliða götuna þá.  
 Á morgun, um nónn og um náttmál, um nætur og langt fram  
 á dag,  
 við ráðgerum rífum og byggjum og ræðum um nytsemi og  
 hag.

En hvaðan komst þú? Það er hulið! Og hvar er minn lend-  
 ingar-ós?

Og hvað er þá grætt við að gizka á gátu sem verður ei ljós?

E. Á.

## Kjör verkamanna.

Það mun alment vera viðurkent að kjör verkalýðsins sér yfirleitt betri í Ameríku en í Norðurálfulöndunum. Kaup verkamanna er víða í Ameríku mjög hátt í samanburði við önnur lönd; og þó verð á lífsnauðsynjum sé einnig hærra, þá samt sem áður verður hagur verkamannsins betri til jafnaðar.

Misskilningur væri samt að halda, að verkalýðurinn búi alstaðar við allsnægtir í Ameríku. Það á sér ekki stað, nema þar sem að skortur er á vinnukröftum. Aftur á móti er kaupgjald svo lágt í sumum hinna eldri verksmiðjubæja, að fjöldi verkamanna að eins getur lifað, en kemst aldrei í þægilegar kringumstæður. Í raun og veru er það ástandið, sem alstaðar á sér stað í heiminum nú, þar sem nógu margir bjóðast til að vinna þau verk, sem hver og einn getur unnið, án nokkrar sérstakrar þekkingar eða undirbúnings.

Snemma í vor sem leið átti stórkostlegt verkfall sér stað í ullarverksmiðjum í bænum Lawrence í ríkinu Massachusetts í Bandaríkjunum. Verkfalli þessu fylgdu allmiklar óeirðir, sem

vöktu eftirtekt manna um alt landið og víðar á því. Einnig kom í ljós, að kjör verkamanna voru afar-bágborin meðan á verkfallinu stóð. Rannsókn var því hafin undir umsjón atvinnuáskrifstofu stjórnarinnar í Washington; og að henni endaðri var skýrsla lögð fyrir þingið í Washington um kjör verkamanna í Lawrence.

Skýrslan ber með sér, að af 86 þúsund manns, sem búa í Lawrence vinna rúm 60 þúsund eða þrjú fjórðu hlutar í ullarverksmiðjunum þar. Kringumstæður 22 þúsunda verkamanna voru rannsakaðar. Af þessum 22 þúsundum höfðu um sjö þúsund minna en sjö dollara um vikuna í kaup. Sé gert ráð fyrir að 22 þúsundin, sem leitað var upplýsinga um, hafi verið upp og ofan bæði þeir sem lægst og hæst kaup hafa af fjöldanum, þá verður hér um bil einn þriðji hluti verkamanna í þessum bæ að vinna fyrir minna en sjö dollurum um vikuna. Til jafnaðar var kaup þeirra, sem rannsóknin náði til, 16 cent um klukkutímann. Lægstu tekjur, þar sem að eins einn vann úr fjölskyldu, voru fimm dollarar og tíu cent um vikuna, og hæstu tekjur, þar sem einn vann úr fjölskyldu, rúmir ellefu dollarar. Í skýrslunni er svo komist að orði, að yfirleitt sé þetta kaupgjald langt of lágt til að framfleyta meðal-fjölskyldu (meðal-fjölskylda er talin fimm manns). Og afleiðingin af því sé sú, að börn verði að vinna í verksmiðjunum strax og þau fái aldur til þess. (Í Massachusetts er bannað með lögum að láta börn vinna í verksmiðjum innan fjórtán ára). Þar sem ekkert barn er nógu gamalt í fjölskyldunni til að vinna með föðurnum, verður konan að gera það, þegar kaup mannsins eins nægir ekki til að framfleyta fjölskyldunni, sem það gerir ekki hjá þriðja hluta verkamanna, ef þeir hafa meðal-fjölskyldu fyrir að sjá. Fjölda margar mæður koma því börnum sínum í fóstur yfir daginn eða vikuna, meðan þær sjálfar eru að vinna. Það er eini vegurinn til að afla sér viðurværis.

Skýrslan, sem er í alla staði áreiðanleg, sýnir ástandið í einum verksmiðjubæ, máske þar sem það er einna lakast; og það ástand er þannig, að margar þúsundir berjast við að hafa lífs-

viðurværi með því, að konur og börn leggi fram alla krafta sína ásamt heimilisföðurnum.

Mörg önnur verkföll hafa leitt hið sama í ljós í öðrum atvinnugreinum. Lágmark kaupgjaldsins er það sem verkamaðurinn getur dregið fram lífið á. Þar sem kröfurnar eru ekki meiri en framboð vinnukraftarins þar sem samtök verkamanna, rausn vinnuveitenda eða löggjöf ekki halda kaupinu fyrir ofan þetta lágmark, sekkur það ófrávikjanlega að því. Þetta á við alstaðar í Ameríku eins og hvar annarstaðar. Það, að kjör verkamanna eru betri í Ameríku yfirleitt en í öðrum löndum, stafar auðvitað fyrst og fremst af því, að kröfurnar fyrir vinnuna eru stöðugt meiri en framboðið. Þar næst eiga efalaust verkamanna samtökin mestan þátt í hinum bættu kjörum, og sumstaðar, að einhverju leyti rausn og réttlætistilfinning vinnuveitenda, ásamt löggjöf og venjum. Hvergi í Norðurálfunni hafa verkamenn til jafnaðar eins hátt kaup og á Englandi, og mun það stafa af því að þar eru verkamanna samtökin öflugust. Á Þýskalandi og Frakklandi er kaup til jafnaðar töluvert lægra, samkvæmt rannsókn, sem gerð hefir verið nýlega af nafnkendum þýzkum hagfræðingi. Það segir sig sjálft, að yfirleitt verða verkamenn í þessum löndum að við hafa meiri sparnað en verkamenn í Ameríku, enda þó að þeir þurfi ekki að borga eins hátt verð fyrir sumar lífsnauðsynjar. Munurinn á meðalkaupi í Ameríku og meðalkaupi á Frakklandi er mikill, svo mikill, að frakknesku verkamennirnir verða að lifa miklu verra lífi en amerísku verkamennirnir, þrátt fyrir það þó kostnaðarminna sé fyrir þá að lifa.

Umbætur á kjörum verkamanna, í flestum löndum, virðast nú vera að færast í þá átt, að hækka lágmark kaupgjaldsins, koma í veg fyrir, að menn neyðist til að vinna fyrir sann-nefndum hungurslaunum. Náttúrliga er þess mest þörfin þar sem framboð vinnunnar er mikið í samanburði við eftirspurnina eftir henni. Þar sem kaupgjald er hátt af eðlilegum ástæðum, þarf þess síður með. Að líkindum verða þessar umbætur aldrei gerðar til fulls, nema með skynsamlegri löggjöf. Eftir því sem fleiri deilumál um kaupgjald milli verkamanna og vinnuveitenda

eru lögð undir dóm óvilhallra manna, eru líkindi til, að ákveðið verði í fleiri og fleiri tilfellum, með almennu samþykki, ef ekki með lögum, hvað lágmark kaupsins megi vera í hverri atvinnugrein.

Kjör verkamanna í Ameríku fylgja nákvæmlega sömu lögum og kjör verkamanna í öðrum löndum. Í hinum eldri hlutum Bandaríkjana og Kanada, þar sem stórir verksmiðjubæir eru risnir upp og framboð vinnukrafta er tiltölulega mikið, er kaup lágt í samanburði við hina nýrri hluta. Með tímanum jafnast kaupgjaldið, lækkar efalaust, þar sem það er hátt, og hækkar, ef umbætur í atvinnumálinu halda áfram í því horfi, sem þær nú eru, þar sem það er lágt. Þegar sá tími kemur að kaupgjald verður á nokkuð jöfnu stigi, verða kjör verkamanna yfirleitt stórum bætt, en þau verða þá hvergi afbragðsgóð samanborið við það sem verst er. Einnig er líklegt að kaupgjald í öðrum löndum fari hækkandi. Þó mun Ameríka, vegna þeirra miklu auðæfa náttúrunnar, sem hún á ennþá ónotuð, verða um langan aldur bæta landið fyrir verkamanninn.



## Hugsjónir og framkvæmdir.

Eftir JOHN SNYDER. (Lauslega þýtt).

“Of mikið af járn!” varð Edison, hugvitsmanninum mikla, að orði, þegar hann las nöfn þeirra, sem Andrew Carnegie álfur mestu menn heimsins. Edison hafði rétt fyrir sér, en við lifum á “járnöld” yfirgnæfandi efnishyggu, og það er litil furða, þó einn af þeim eftirtektarverðustu og duglegustu mönnum, sem þessi öld hefir framleitt, sé snortinn og jafnvel mótaður, hvað skoðanir snertir, af hinum sterku öflum umhverfis síns. Carnegie er mjög merkilegur maður. Hann tilbiður ekki dollarinn í blindni, eins og margir menn, sem verða auðugir, gera. Hann hefir ekki viðtekið þá lífsskoðun, sem hrifur bæði grunnhygna

miljónamæringa og jafn grunnhygna sósíalista, að peningar séu bót allra stjórnarfars- og félagslegra meina — að peningar muni frelsa alla fátæka frá eynd og glæpum og breyta þessum heimi í paradís. Ingersoll var vanur að segja, að maðurinn, sem upp-götvaði lyf til að svæfa með holdskurðar sjúklinga, væri heiminum jafn gagnlegur og allir heimspekingar og trúarbragðalegir leiðtogar samanlagðir. En hann gleymdi, að það er þessum leiðtogum að þakka að frelsi fékst fyrir efnafræðinginn í til-raunastofu sinni, læknum með hníf sinn, og tungur og penna þeirra, sem dæma afrek þessara leiðtoga sjálfra. Carnigie sér miklu lengra og víðar yfir starfsemi manna. Hann metur gildi stórra bókmenta. Stjórnmalaskoðanir hans eru ekki um-girtar og aðþrengdar af hans eigin hagsmunum vonum í verzlunar-sökum. Samt sem áður er edlilegt, að hann meti of mikils öfi þau, sem hjálpuðu til að byggja upp hina stórkostlegu verzlunar-hagsmuni hans, og jafn edlilegt er það, að hans álit hafi áhrif á yngri menn.

Nákvæm athugun helztu viðburða mannkynssögunnar hjálpar til að leiðrétta þessa þröngu skoðun. Í Gamlatestamentinu stendur á einum stað, að þar sem menn sjái engar sýnir farist fólkid. Viturlægri orð hafa aldrei verið skrifuð. Á undan hverjum miklum starfsmanni var meiri maður, sem sá sýnir. Á undan öllum miklum framförum í menningu og upplýsingu voru hugsjónir þeirra manna, sem hinn sljóvi heimur nefnir draum-sjónamenn.

Fyrir þrettán öldum var arabíska þjóðin ekkert annað en brot af flakkandi og hálfsiðuðum ættbálkum, sem áttu í sífeldum ófriði sín á milli. Einn maður með hugsjón, einn framúr-skarandi trúarbragðalegur leiðtogi myndaði úr þeim keisararíki.\* Honum á þjóðin að þakka alla sína menningu, bókmentir, heim-speki og herfrægd. Hinir ómótstæðilegu herskarar Caesars sigrúðu ekki hálfviltu þjóðirnar í Norður- og Vestur-Evrópu, heldur gerðu áhrif rómverskra laga og hinn ópreytandi ákafi kristnibóðsins það. Evrópa var ekki vakin af svefni lénsstjórnar

\* Múhamed.



fyrirkomulagsins af hinum miklu verzlunarborgum Ítalíu og Niðurlandanna, þó þær hefðu mikla þýðingu. Hún var kölluð til að sigra af anda frjálsra trúarbragða. Hver gaf Englandi þessar hugsjónir um stjórnarlegt frelsi, sem hafa gert það ómótstæðilegt á sjó og landi hverju afli, nema afli þess eigin barna? Ekki verzlunarstaðir þess, eða verklægni fólksins í smíðju og við vef. En Hampden, Milton, Cromwell, Pitt og Fox,\* sem gáfu því málfrelsi, rittfrelsi, réttssýna dómara, óbundið þing og friðhelgar póstsamgöngur. Hver kendi Englandi að hætta við hið grimmi-lega ranglæti lénsvaldsins í verzlunarviðskiftum? Einn Skoti, Adam Smith, sem aldrei seldi eina alin af vefnaðarvöru eða bygði eina mílu af járnbraut. Hverjir hafa fundið leiðir um höfn og gert skipagöngur óhultar? Draumsjónamennirnir, sem um miðjar nætur hafa rannsakað himingeiminn og kent farmanninum að stýra skipi sínu eftir stjórnunum fjarlægur.

Heiður sé vísinda og hugvitsmönnum, sem hafa komið í veg fyrir sársauka með svæfingum, sem berjast gegn sjúkdómum og vanþekkingu og byggja vegi milli fjarlæggra þjóða. Vér þökkum guði fyrir göfuga menn og konur, sem hafa fundið stærra hlutverk en að safna sér auði; en mennirnir sem sjá sýnir breyta heiminum, þeir hafa gefið mönnum hugsjónirnar og siðferðislegan og aumlegan kraft, sem veitir gildi hinu ólaunaða starfi þeirra. Miljónamæringarnir hafa eignast hvern einasta dollar, sem þeir hafa grætt, vegna þess að stofnanir, sem eiga rætur sínar að rekja til hugsjóna um mannfélags skipulag, hafa smám saman orðið til og náð vexti. Þeir væru ráðalausir með að vernda eignir sínar; þær eru verndaðar af réttlætis tilfinningu, sem liggur til grundvallar fyrir menningu vorri og er varðveitt í dómstólunum. Ef nokkur af réttmætum réttindum þeirra er hætta búin, þá er það fremur að kenna vanþekkingu fjöldans en nokkurri rótgróinni tilhneigingu til yfirgangs. Ameríska þjóðin er heilbrigð undir yfirborðinu, og sá maður er vitur, sem leitar að uppsprettum siðferðis hennar og sannfæringu meðal hinna miklu spámana og leiðtoga mannkynsins; en vitrari er sá, sem nú á tímum hjálpar til að halda opnum vegi fyrir áhrifum þaðan.

\* Enskir rithöfundar og stjórnálamenn.

## Sköpunarsögur Indíána.

Allir kannast við sköpunarsöguna í Gamlatestamentinu. Hún skýrir frá, hvernig Gyðingar snemma á tímum þjóðlífs síns hugsuðu sér að heimurinn hefði orðið til. Flestar forn-þjóðir, sem hafa eftirskilið heiminum nokkra sögu eða trúarbragðalegar hugmyndir, hafa átt sínar sköpunarsögur. Og meðal þeirra mannflokka, sem enn þá standa fyrir neðan menningarþjóðirnar svo nefndu, finnast lýsingar af sköpun heimsins í sambandi við aðrar sagnir um guðina og stjórn þeirra á heiminum og forlögum mannanna. Þó eru til mannflokkar, eins og t. d. svertingjarnir í Ástralíu, sem ekki hafa neinar sagnir um skögun heimsins. En þeir standa líka mjög lágt að andlegu atgerfi, og hugmyndir þeirra yfirleitt eru mjög barnalegar og bera vott um lítinn sálarlegan þroska.

Allar sköpunarsögur af þessu tagi eru algerlega óvísindalegar samkvæmt þekkingu nútímans. Þær eru tilbúningur í myndunarafísins, sem leitast við að komast að upptökum hinna skynjuðu hluta. En þó eru þær mjög misjafnar. Sumar eru sniðnar eftir mannlegri reynslu; verk guðanna eru ekkert annað en stæling mannlegra starfa. Aftur á móti eru aðrar hafnar hátt yfir mannlega reynslu. Samkvæmt þeim er sköpun heimsins framkvæmd ópersónulegra krafta; og stundum verður hugmyndin sú, að allir hlutir hafi þróast og myndast út úr einu frumefni, sem upprunalega var óskift og án nokkurrar lögunar. Má þar til nefna sumar skoðanir Forn-Grikkja á uppruna heimsins. En þess konar skoðanir tilheyra fremur heimspeki en goðafræðinni.

Indíanarnir í Ameríku skiftust, eins og kunnugt er, í marga þjóðflokka. Hver þessara flokka talaði sitt mál og lifði að miklu leyti fráskilinn öllum hinum. Trúarbrögð flokkanna voru oft næsta ólík; og á meðal þeirra finnast margar sköpunarsögur. Sköpunarsögurnar eru allar mjög einfaldar; sumar með því einfaldasta og barnalegasta, sem finst í nokkrum goðasögnum.

Yfirleitt eru dýrin látin eiga mikinn þátt í sköpun heimsins. Koma þar fram áhrif lífsháttanna, því Indíánarnir lifðu því nær eingöngu á veiðum.

Athapasca-Indíánarnir, sem bjuggu í mörgum flokkum frá Hudsonflóanum vestur að Kyrrahafi, eignuðu sköpun heimsins hrafn, sem hafði eldaugu, svo að eldingar sýndust þar sem hann leit; vængjasláttur hans var sem þrumur. Hrafn þessi flaug niður á hafið, sem náði yfir allt, og þar sem hann snart það myndaðist jörðin. Þeir trúðu enn fremur, að hrafninn væri forfaðir sinn, að hann hefði frelsað mennina frá dauða í flóði og fært þeim eld af himni.

Sköpunarsaga Iroquois þjóðbálksins, sem bjó í grend við stórvötnin í austurhluta Kanada og Bandaríkjana er lík þessu. Þeir trúðu að móðir hinna fyrstu manna hefði fallið af himni ofan, áður en jörðin varð til, en þar sem hún kom niður á hafið myndaðist land, sem óx og varð svo stórt, að hvergi sást út yfir það. Sumir flokkarnir trúðu því, að þegar þessi formóðir féll niður hafi ýms dýr er í vatni lifa, svo sem oturinn og bifurinn, flýtt sér ofan á hafsbotn og sótt þangað leir til að byggja úr eyju handa henni til að dvelja á. Fjall eitt skoðuðu þeir sem staðinn, þar sem fyrstu forfeður þeirra höfðu fæðst.

Alconquian ættin, sem var dreifð yfir stórt svæði af Norður-Ameríku, trúði einkennilegri sögu um flóð, sem náði yfir alla jörðina. Á máli ættarinnar þýddi orðið michabo bæði sól og héra. Sólin, hið skapandi afl, stóð, að þeirra áliti í sambandi við dýrið, sem bar sama nafn og hún. Einu sinni þegar Michabo var á veiðum stukku úlfarnir, sem hann notaði fyrir veiðihunda, út í vatn eitt mikið. Hann fór út í vatnið á eftir þeim, en þá flóði vatnið út yfir bakka sína og allt land, og heimurinn eyddist. Michabo sendi út hrafn til að finna mold, svo hann gæti endurskapað jörðina. Hrafninn kom aftur eftir að hann hafði leitað alstaðar, og kvaðst hvergi geta fundið mold. Þá skipaði hann otrinum að kafa eftir mold, en hann kom aftur eins og hann hafði farið. Hann sendi þá moskusrottuna, og hún kom til baka með ofurlítinn köggul; og úr honum skapaði hann jörðina eins og hún er nú.

Muskhogeian ættin, sem saman stóð af mörgum flokkum og átti heima í grend við Mexíkó-flóann austan við Missisippifljótið, trúði, að fyrir sköpunina hefði að eins verið til geysistört haf. Yfir þessu haf flugu tvær dúfur, og að lokum sáu þær eitt strá koma upp úr hafinu. Síðan kom þurt land smám saman, og meginlandið og eyjarnar fengu sína núverandi lögun. Á hæðinni bjó "herra andardráttarins", sem skapaði hina fyrstu menn úr leir, sem hann fann í kringum hús sitt. Þar sem jörðin var ekki orðin þur þegar hann byrjaði að skapa menn, varð hann að byggja vegg til að þurka þá á. Þegar leirinn var orðinn að holdi og beinum, þurkaði hann landið og gaf það mönnum, sem hann hafði skapað, til að búa á. Dúfurnar tvær, sem svifu yfir djúpinu, er álitid að eigi að tákna hinn skapandi anda. Saga þessi líkist sköpunarsögunni í Gamla-testamentinu merkilega mikið í ýmsum atriðum.

Einn flokkur Sioux Indíánanna gerði sér mjög einkennilega hugmynd um, hvernig jörðin hefði upprunalega bygst af mönnum. Forfeður mannanna bjuggu í þorpi einu við vatn neðanjarðar. Vínviðarrætur uxu gegnum jörðina niður til þeirra; og nokkrir þeirra, sem voru djarfastir, fundu npp á því, að klifra upp eftir rótunum og komust upp á jörðina. Þar sáu þeir nóg af ávöxtum og vísundaketi. Þeir fóru ofan aftur með eirs mikið af vínberjum og þeir gátu borið. Fólkinu þótti vínberin svo góð, að það afréð að hafa bústaðaskifti. Síðan klifruðu menn, konur og börn upp á jörðina. Það gekk vel þar til hér um bil helmingurinn var kominn upp, þá lagði feit kona af stað; en hún reyndist of þung, ræturnar slitnuðu og opið fylltist. Eftir það komst enginn upp. Eftir dauðann áttu menn að fara í þennan neðanjarðar bústað. En þeir urðu að fara yfir vatnið til að komast í þorpið; og á leiðinni yfir það áttu hinir illu að sökkva vegna syndaþungans, sem á þeim hvíldi.

Indíánaflokkarnir í Kaliforníu áttu svipaðar goðasagnir, þó þeir töluðu ekki færri en tuttugu og eitt mismunandi tungumál. Þeirra sköpunarsaga er einna fullkomnust af öllum sköpunarsögum Indíána, að því leyti, að hún gerir grein fyrir sköpun

frá byrjun, en ekki endursköpun, eins og sögur sumra hiuna flokkanna. Í upphafi var ekkert til nema vatna-uðn. Tveir guðir, Kodoyaupe og Coyote komu í barkarbat ofan á vötnin. Þeir mynduðu jörðina, og síðan smáar trélikneskjur. Þá kom upp ófriður milli þeirra, og var þeim báðum breytt í dýr. Kodoyaupe reyndi að eyðileggja Coyote, vegna þess að hann hafði skapað illar verur, sem hinn sá fyrir að mundu verða mönnum til meins. Í þessari baráttu naut hann hjálpar veru einnar, sem nefnd er "Sigurvegarinn". Eyðilagði hann illþýði það, er Coyote hafði skapað. Síðasti þátturinn í viður-eign guðanna var, að Kodoyaupe flýði undan Coyote. Tré-likneskjurnar, sem þeir höfðu skapað urðu að mönnum, er bygðu jörðina.

Sköpunarsögur þessar, þó þær séu ofur barnalegar frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, eru tilraunir til að ráða fram úr einni þyngstu spurningunni, sem mennirnir hafa á öllum tímum lagt fyrir sig: hvernig varð hinn sýnilegi heimur til og hver er uppruni mannkynsins? Þráin eftir að komast fyrir orsakir og tildrög hlutanna er vissulega ein hin dýpsta þrá, sem til er í manssálunni.

---

## Framþróun siðferðis.

(Brot úr ræðu).

---

Hvernig byrjuðu siðferðis hugmyndir hjá mannkyninu? Margir hafa á síðari tímum reynt að svara þessari spurningu á vísindalegan hátt. Fyr á tímum reyndu menn ekki að svara henni, sem ekki var heldur við að búast, því spurningin reis þá ekki í hugum manna. En með vaxandi vísindalegri rannsókn á öllum sviðum, hefir uppruni siðferðishugmynda þeirra, sem menn alment lifa samkvæmt, orðið mörgum að umhugsunar og rann-sóknarefni.

Á hinum lægri stigum mannlífsins, meðal lítt upplýstra þjóðflokka, eru til fjölda margir síðir, sem eru bindandi fyrir hvern og einn alveg eins og siðferðisreglur og lög betur mentaðra þjóða. Fólkið, sem fylgir þeim, gerir sér ekki grein fyrir hvers vegna þeir séu og hvers vegna það verði að fylgja þeim. Þeir eru og hafa æfnilega verið; það er því nóg. Með öðrum orðum: þeir eru almennur vani. En engir menn, hversu lágt sem þeir standa, venja sig af eintómri tilviljun á að breyta samkvæmt vissri reglu í öllum tilfellum; og sízt af öllu er hugsanlegt, að menn venjist þannig á að fylgja mörgum og oft og einatt mjög flókuum og erfiðum reglum. Nú segja sumir, að alt siðferði villimanna, sem fyrir þá sé í raun og veru ekkert annað en venjur, muni eiga ratur sínar að rekja til tilfinninga, sem eru og hafa ávalt verið öllum mönnum sameiginlegar. Reiði t. d., er ein af þessum frum-tilfinningum mannkypsins. Hún kemur fyrst og fremst í ljós, þegar einn gerir eitthvað á hluta annars. Í fyrstu voru öll rangindi falin í líkamlegum árásum og meiðslum. Reiðitilfinningin hvatti þann, sem varð fyrir árásinni, að hefna sín. Og hún hvatti hann ekki að eins til að hefna sjálfis sín, heldur annara, sem honum var vel við. Þannig varð til blóðhefndin, sem er mjög útbreidd meðal allra þjóða á lágu menningarstigi og sumra, sem náð hafa all-mikilli menningu. Með tímanum breyttist blóðhefndin í lagalega hegningu. Sú siðferðishugmynd, að rétt sé að hegna fyrir allar líkamlegar árásir, er þá vaxin upp af reiðitilfinningunni, sem fyllir huga villimannsins, þegar einhver ræðst á hann. Tilfinningin myndar vana. Vaninn breytist svo í siðferðisreglu, sem er viðtekin og álitin góð og nauðsynleg. Aðrir halda aftur fram þeirri skoðun að flestar venjur, sem á hinum lægri stigum mannlífsins eru viðteknar sem siðferðislög, hafi orðið til á þann hátt, að menn hafi byrjað að hugsa um framtíðar velferð sína, og reynt að setja breytni einstaklingsins einhverjar þær skorður, að henni væri borgið. Fyrirhyggja og sjálfverndunar viðleitni eru þá undirrót siðferðisins. Með öðrum orðum: siðferðishugmyndirnar verða raktar til skynseminnar fremur en til tilfinninganna, eða meðfæddra tilhneiginga.

Enn eru aðrir, sem benda á, að hvorug þessi skoðun sé algerlega rétt. Þeir benda á, að sumir síðir, sem eru mjög útbreiddir meðal óupplýstra þjóða, geti ekki hafa myndast vegna nokkurrar almennrar tilfinningar eða tilhneigingar manna. Og einnig að aðrir síðir séu sýnilega svo fjarri því, að vera nokkurt vellíðunar eða velferðar skilyrði, að óhugsandi sé að þeir hafi orðið til vegna þess að álitid hafi verið, að þeir ykju velferð manna. Bæði tilfinningar og skynsemi eiga góðan þátt í myndun síða, og auk þess myndast þeir af öðrum ástæðum. Alls konar trúarhugmyndir eiga góðan þátt í myndun þeirra. Það sem vitað verður með vissu um byrjun síðferðis yfirleitt er, að það á rót sína að rekja til venja, sem af einhverjum ástæðum hafa náð útbreiðslu. Í fyrstunni er ekkert að því spurt, hvort þessar venjur séu réttar eða rangar. Þær hafa orðið til af einhverjum knýjandi þörfum og það, að þær voru endurteknir, hefir gefið þeim festu og oft helgi.

Menn geta fylgt í blindni einhverjum síð, sem þeir hafa vanist við frá blautu barnsbeini, án þess að hafa nokkra skyldu-tilfinningu. Sá er síðferðisgóður maður sem fylgir síðnum samkvæmt vana þeirra, sem á undan honum hafa lifað og með honum lifa. En hann er sér þess ekki meðvitandi, að hann geri það sem er rétt og gæti gert það sem er rangt, ef hann svo kysir. Síðurinn heldur honum eins og í járngreipum. Hann fylgir honum, án þess að spyrja að, hvort hann sé góður eða hvort ekki mætti breyta honum og láta annað betra koma í staðinn. Í þessu ástandi er varla um neina síðferðislega framför að ræða. Eða ef hún á sér stað, þá er hún af öðrum ástæðum en viðleitni manna til að verða betri og fullkomnari. Síðferðisástandið hefst á nýtt stig um leið og skyldumeðvitundin fæðist í mannsálunni. Skyldumeðvitundin hefir náttúrlega ekki byrjað alt í einu á einhverju vissu tímabili í sögu mannkynsins, heldur smám saman hjá þjóðum og mannflokkum; og hjá lægstu mannflokkum, sem nú eru uppi, er hún sjálfsagt ekki til nema að mjög litlu leyti. Skyldumeðvitundin er í því falin, að einstaklingurinn geri sér grein fyrir, að réttindi og vellíðun annara manna setji sínu framferði skorður. Hún er viðurkenning þess, að aðrir hafi

einhvern rétt, og að hin almenna velferð útheimti, að hver um sig breyti eins og hann hafi almenn réttindi og almenna velferð fyrir augum. Skyldumeðvitundin er ekki hið sama og meðvitundin um boð og bann, um "þú skalt" og "þú skalt ekki". Þeir sem fylgja í blindni viðteknu vanasiðferði geta haft mjög glögga meðvitund um boð og bönn, sem vaninn helgar. En sá sem hefir skyldumeðvitundina gerir ekki hið rétta í blindni, heldur vegna þess að hann veit, að samfélagið getur þá að eins þrífist og tekið framförum, er menn rækja skyldur sínar hver við annan; eða með öðrum orðum: Þegar hver og einn veit að hann hefir skyldur gagnvart heildinni, og vill rækja þær.

Þegar menn komast á þetta stig, hætta þeir að lifa og breyta samkvæmt vana, og fara að lifa og breyta samkvæmt lögum. Lög og reglur eru sett, sem eru fyrir ofan hvern einstakling; allir eiga að beygja sig fyrir þeim. Auðvitað hafa staða einstaklinganna í samfélaginu, völd og auður, mikil og marghátuð áhrif á þetta. En yfirleitt skapar skyldumeðvitundin samt fyrirkomulag, sem breytingar og framfarir eru mögulegar undir. Meðferð hertekinna manna á ófriðartímum er gott dæmi til að sýna áframhaldandi siðferðis framþróun bygða á meðvitund um skyldu gagnvart öðrum mönnum. Það virðist vera næstum algild regla meðal allra villimanna, að taka undantekningarlaust af lífi alla þá, sem nást af óvinunum. Þetta getur stafað af nauðsyn upprunalega; því þar sem hver ættbálkurinn lifir út af fyrir sig og á í sífeldum ófriði við þann næsta, er afar-árisbandi að enginn óvinur sé til innan flokksins. En með tímanum breytist þessi regla. Máske fyrst af hagsmunalegum ástæðum. Herteknir menn eru látnir halda lífi til að vera þrælur þeirra sem hafa sigrað þá. En svo er farið að líta á hertekna menn sem menn, er hafi réttindi. Það fer með tímanum að þykja rangt að svipta þá lífi eða selja þá í þrældóm. Fyr á tímum, eins og sjá má víða í sögunni, átti hertekinn maður engan rétt á sér; en nú verður hann hvergi meðal upplýstra þjóða sviftur frelsi sínu til lengdar, ámælislaust, hvað þá lífi. Þessi breyting í siðum á ófriðartímum og milli óvina stafar af því, að meðvitundin um persónuleg réttindi hvers manns til að halda lífi og



frelsi er nú orðin svo rótgróin í hugum allra. Það er skoðuð heilög skylda, að svifta jafnvel ekki óvini sína þessu tvennu.

Skyldumeðvitundin gagnvart öðrum mönnum er afar-þýðingarmikið stig í framþróun siðferðisins. En þó má segja að hinar bezt upplýstu þjóðir séu komnar, eða séu að komast á hærra stig. Það stig er sameiginleg viðleitni allra til að koma í veg fyrir að nokkrum manni líði illa eða sé óhamingjusamur. Að vísu má með sanni segja, að flestar, jafnvel allar, þjóðir séu skamt á veg komnar á þessu stigi, en samt verður ekki neitað að flestar umbætur, sem nú eru gerðar, eru í þá átt, að koma í veg fyrir eitthvert böð, einhverja óhamingju, sem er margra mein, eitthvað ilt, sem eyðileggur velferð margra manna. Reynslan er búin að kenna mönnum, að þeir geta ekki orðið fullkomlega farsælir nema þeir verði það allir í sameiningu. Varanleg sæla er ekki til fyrir einn, þegar aðrir eru vansælir. Skyldumeðvitundin segir mönnum, að þeir hafi skyldur að rækja gagnvart öðrum mönnum vegna þess, að þeir eru menn. Skyldur við siði og venjur eru ekki skyldur við menn, og þær byggjast ekki á viðurkenningu mannréttinda; en skyldur við menn byggjast á þess konar viðurkenningu. Og fyrir ofan þetta siðferðis skyldustig kemur KÆRLEIKSSTIGIÐ, þar sem menn af frjálsum vilja leitast við að lifa svo að allir verði farsælir, og reyna að bæta samfélagið á einhvern hátt til þess.

## Hættuleg einfeldni.

Að nota sér einfeldni annara er gömul og ný aðferð þeirra, sem vilja auðgast án mikillar fyrirhafnar. Þessi notkun einfeldninnar er í því falin, að fólki er selt eitthvað, sem annaðhvort kemur því að engum notum, eða þá svo litlum notum, að verðið er margfalt meira en notagildið. Blaðaauklýsingar hjálpa þess kyns viðskiftum sem öðrum mjög mikið. Flest blöð aug-

lýsa alt, sem þau fá borgun fyrir að auglýsa og lögin leggja ekki refsingu við að auglýst sé. Margt fólk álítur, að alt sem er prentað í einhverju blaði, hvort sem það er auglýsing eða eitthvað annað, hljóti að vera sannleikur.

Engri fræðigreini hefir líklega farið eins mikið fram á síðari tímum og læknisfræðinni. Jafnframt því sem læknarnir sjálfir vita margfalt meira um sjúkdóma og orsakir þeirra nú, en þeir gerðu fyrir nokkrum áratugum, hefir þekking á sjúkdómum breiðst út meðal almennings. Þó er fólk hvergi eins óskaplega svikið, og einfaldni þess í engu notuð eins mikið sjálfu því í óhag, og einmitt í öllu því sem lýtur að sjúkdómum og lækningu á þeim.

Lyf eru búin til í hundraðatali og auglýst og seld sem bætur við öllum hugsanlegum líkamlegum meinum, sem hafa sáralítið, eða jafnvel ekkert gildi sem lækningarlyf við nokkrum sjúkdómi. Sum þeirra eru blátt áfram heilsuspillandi, eins og oft hefir verið sannað, vegna þess að í þeim eru efni, sem eru líkamanum óholl, nema þegar sérstaklega stendur á. En verst af öllu eru þau, sem eru auglýst sem óbrigðult ráð við hættulegustu sjúkdómum, sjúkdómum, sem áriðandi er að farið sé með í tíma til góðra lækna. Þó það sé ilt að borga peninga fyrir eitthvað sem er gagaslaust, er margfalt verra að láta ginnast svo af skrami og lygum, að réttra ráða sé ekki leitað í tíma við hættulegum sjúkdómum.

Góðir læknar eru jafnan mjög varfærnir með að lofa bót fyrir en þeir hafa rækilega kynt sér ástand sjúklingsins. En þeir sem gera tilbúning patentmeðala að atvinnu sinni fullyrða, að lyf sín lækni alla sjúkdóma yfirleitt, hvernig sem ástand sjúklingsins sé. Þessar fullyrðingar ginna fólk, sem þráir að fá þær fljótustu bætur sem unt er að fá. Auðvitað eru allar slíkar fullyrðingar og loforð gerð í þeim tilgangi, að fá sem mesta peninga fyrir meðulin. Tilbúningur þeirra er ekkert annað en gróðafyrirtæki, sem lukkast vegna þess að fólk er nógu einfalt til að láta ginna sig með auglýsingaskrumi.

Menn ættu að styðja að því að útrýma þessum ófögnuði, sem auðgar fáa á kostnað fjöldans og gerir mikið ilt, með því að

forðast að nota öll lyf, sem auglýst eru sem óbrigðul og lækning við öllu. Þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða, verður jafnan ódýrast að fara til góðs læknis í tíma. Og annað ráð, sem hver maður ætti að fylgja, er að gæta heilsunnar sem best. Flest fólk þekkir nú svo vel ýmsar þýðingarmiklar varúðarreglur, að því er engin vorkunn að fylgja þeim.

## Úr ýmsum áttum.

Síðan Darwin kom fram með breytiþróunarkenninguna hefir vakað fyrir mörgum, að bæta mætti mannkynið á líkan hátt og kyn húsdýra er bætt. Fyrir skömmu var haldinn fundur í Lundúnum til að ræða þetta mál; og mættu þar fræðimenn frá ýmsum löndum. Er það fyrsti alþjóðlegi fundurinn af því tagi, sem haldinn hefir verið. Þeim fræðimönnum, sem þar voru saman komnir, bar saman um að arfgengi ætti mikinn þátt í afturför þess fólks, sem mynda botndreggjarnar í þjóðfélögum. Ef einhver ráð yrðu fundin til að komi í veg fyrir að líkamlega og sálarlega sjúkt fólk eignaðist afkvæmi, mundi mannkyninu í heild sinni fara stórmikið fram. Það er ekki ólíklegt að þessi hreyfing, sem hefir hingað til átt fáa talsmenn hér og þar, ryðji sér til rúms á komandi árum. Major Leonard Darwin, sonur höfundar breytiþróunarkenningarinnar, var forseti fundarins og er mikill styrktarmaður hreyfingarinnar.

Skipaskurðurinn gegnum Panama-eyðið er bráðum fullger. Hann verður eitt hið stærsta mannvirki heimsins, og hefir kostað ógrynni fjár. En nú er komin upp deila um notkun hans, sem helst lítur út fyrir að muni verða nokkuð hörð áður en lýkur. Bandaríkjastjórnin, sem hefir látið grafa skurðinn, hefir ákveðið að veita skipum, sem eru eign Bandaríkjamanna og sem eru

notuð til flutninga með ströndum fram, þau hlunnindi, að mega sigla gjaldfrí í gegnum skurðinn. Englendingar og margir fleiri eru æfir á móti þessu og segja það brot á samningum, sem gerðir voru áður en byrjað var að grafa skurðinn. Láti Bandaríkjastjórnin ekki undan síga, verður málið að líkindum lagt í gerð.

---

Hroðalegar sögur hafa borist frá Suður-Ameríku um meðferð á Indíanum, sem hvítir menn nota til að ná fyrir sig teygikvoðu (India-rubber) úr skógunum þar. Félög, sem verzla með teygikvoðuna, gera samninga við þarlenda hvíta menn að útvega hana, en þeir aftur á móti ná Indíanum á sitt vald og láta þá vinna fyrir sig. Neiti Indíanarnir að vinna, eða afhjúki minna verki en þeim er ætlað, eru þeir kvaldir á hryllilegasta hátt, og jafnvel drepnir. Sögur þessar hafa vakið eftirtekt í öllum síðnum löndum, og hafa þeir sem hlut eiga að máli orðið fyrir þungum áfellingdómi, sem við er að búast.

---

Fyrir skömmu dó á Englandi fræðimaðurinn Andrew Lang. Hann var einn hinn fjölhæfasti maður, sem uppi hefir verið á Englandi og þó víðar sé leitað. Hann var sagnfræðingur, bókmentafræðingur, mannfræðingur, heimspekingur og margt fleira. Hann lagði stund á rannsókn fornra trúarbragða og andatrúarfyrirbrigða, gamlar þjóðsagnir, knattleika og lifnaðarháttu fiska. Hann ritaði mestu undur í blöð og tímarit, og afkastaði framúrskarandi miklu sem rithöfundur. Auk þess var hann allgott skáld og orti nokkuð. Í öllum þessum greinum var hann vel að sér. Hann var fremur heilsutæpur, og er fjölhæfni hans og afkastasemi enn þá undraverðari fyrir það.

---

Japanskeisarinn nýji er 31 árs gamall; hann er þriðji sonur föður síns og einn af tólt systkinum. Tveir eldri bræður hans dóu, og þess vegna var hann valinn til að verða keisari. Hann er vel mentaður og ta'ar þrjú Vesturlandamál, ensku, þýzku og frakknesku. Hann yrkir bæði á japönsku og kínversku. Í síðum sínum semur hann sig mikið að háttum vestrænna þjóða; og

kvað yfirleitt vera ófastheldnari við þjóðlega siði en faðir hans var. Samkvæmt trúarskoðunum Japaníta er keisarin guð jafnframt því sem hann er maður. Virðing þjóðarinnar fyrir honum er takmarkalaus. Sagt er að Josihito — svo heitir nýji keisarin — muni varla vera annað eins mikilmenni og faðir hans var.



## Presturinn í baðstaðnum.

Smásaga eftir AUGUST STRINDBERG.

Ég fer fyrstur manna á vorin í sumarbústaðinn. Litli baðstaðurinn er tómur, hlerar fyrir gluggum og veggssvalir þaktar. Trén eru hálflaufguð, blómbeðin ósáð og óhrein snjór liggur í hverjum krók og kyma. Eftir hádegið fer ég niður í gistihúsið og finn sumarprestinn minn. Ég finn hann þar eins og ég fann hann fyrir tólf árum, sitjandi í ofnkróknum með toddýglas; þar les hann blöðin, strýkur kettinum og skrafar við konu veitingamannsins.

Hann er nokkuð yfir þrítugt og lítur enn þá út eins og langur og magar stúdent. En nú í vor sýnist hann vera enn þá magrari en hann var í fyrra, hörundið er grárara, augun daufari og röddin veiklulegri af æfingarleysi.

Þegar hann verður var við mig, bregður fyrst fyrir undarlegum glampa í augunum, eins og hann hefði talað illa um mig allan veturinn og hefði samvizkubit. Þessi undarlegi glampi stafar máske af þenslu hornhimnunnar í auganu, þegar augasteinninn stækkar við tilraunina að lesa í augum hins það sem hann hugsar. Ég veit að honum er illa við fjörið í mér, en nú er hann einmana, og ég kem til hans utan úr heiminum, þar sem lífið er, sem boðberi vorsins, fyrsti baðgesturinn, sem aðrir fylgja bráðum á eftir. Og þegar við erum báðir orðnir sann-

færðir um, að enginn ófriður muni brjótast út milli okkar, setjumst við við borðið. Fyrsta hálf tímann talar hann í jöfnum, skrækum róm, án tilbreytinga og hljóðfalla, og ég á erfitt með að þekkja aftur í honum mentaðan mann. Talfæri hans hafa í átta mánuði lagað sig eftir talfærum hafnsögumanna og sjómanna; heili hans hefir þvingað sig til að vera skilinn af einfaldari hugsunarvélum; orðaforði hans hefir tapað millilitunum, tengihugtökunum, en fengið í staðinn hin hverndagslegri, og stundum óvönduð orð.

Hann er tortrygginn, eins og þeir sem einir eru, og leitir oft eftir, hvort ég meini það sem ég segi. Því ég stjórnað gagnvart honum af ósjálfráðri samhygð, ég tala um þá hluti, sem hann vill tala um, án þess að segja nokkuð frá eigin brjósti, ég vind upp hið útgengna gangverk huga hans; og smáa saman heyri ég gang þess, sem ég kannast við frá fyrri tíð.

Hann vill gjarnan hlusta á einhverjar fréttir hjá mér, en nautnin að mega tala sjálfur, fær algert vald yfir honum, þörfín að sýna sig öðrum jafn færan nær haldi á honum, og hann byrjar að ræða erfiðustu efni.

Eftir nokkra stund er rómur hans orðinn dálítið dímari, en um leið mýkri; hann er hættur að leita með eins mikilli áreynslu eftir orðum, andlit hans, sem nýlega var dauflégt og fölt, eins og visíð lauf, verður fjörlegra, og það er eins og hann verði drukkinn af að tala.

Við tölum um Kírkegaard, þjáninganna skáld, hann er fullur af angist yfir þjáningum sínum, sem hann, án þess að gera játningu sína, verður að láta koma í ljós.

En við höfum lesið Kírkegaard hvor á sinn hátt, ég sem sálarfræðingur og hann sem kristinn kyrkjumaður. Annaðhvort skilur hann mig ekki ellegar hlustar ekki á mig, honum er nóg að það sem hann segir vekur bergmál í mér og hann verður mælskur; hann talar og talar, svo mér finst illa gert, að grípa fram í fyrir ánægðum manni; en hann vill hallast á sveif kristindómsins og ég streitist á móti. Hann heldur áfram og ég læt það gott heita.

Það líður góð stund og hann fer með mig eins og lærimeist-

ari, kastar yfir mig rykkilíninu, tekur eiðinn af mér, gefur engan gaum að mótmælum mínum, skírir mig og skorar að síðustu á mig, að vera á móti kristindómsfjendum.

Þá hlæ ég til að vekja hann, en hann sér ekki að ég hlæ, og heldur áfram, dýpra og dýpra, kemst út í biblíuútskýringar og heldur strykbeint inn í myrkustu guðfræði; hættir og horfir á mig til að fá samþykki.

— En, kæri vinur, segi ég, þér er vel kunnugt um, að ég er þér ekki samdóma um eina einustu af þessum skoðunum!

Hann horfir á mig, virðist svo alt í einu muna eftir einhverju, hlær, og við förum að tala um eitthvað annað.

Nú kemur að mér að tala. Ljós eru kveikt í salnum og nýtt toddý borið inn. Ég tala um nútímann og nefni hann svefnins tíma, segi að hann hafi byrjað með aldamótunum síðustu, þegar mannkynið þreyttist á að vaka; inn í talið flétta ég upplýsingum um uppgötvanir Darwins og rannsóknir Schopenhauers og Hartmanns, set fram kristindóminn í sambandi sínu við veraldarsöguna, geri skugga guðfræðinnar áþreifanlega, útskýri það sem hann vildi láta vera óútskýrt, án þess að vekja hann með almennri framsetningu hinnar vaxandi skynsemistrúar, nefni hvorki Strauss né Renan á nafn, byggi í skyndi heimskoðun úr mátulega óglöggum skáldskaparmyndum. Ég sé hálf tóndlit á honum, eins og hvítan blett í lampaljósinu, sem fellur á ská að ofan, augu hans leiftra í gegnum tóbaksreykinn; ég held að hann fylgi mér eins og ég fylgdi honum fyrir skemstu; ég hefi heillað hann með því að koma heila hans í samskonar hreyfingar og eru í mér, ég er um stund í leiðslu ræðumannsins, þegar hann hrífur áheyrendur sína; ég hefi náð honum út úr dultrúarvingli hans með ónákvæmni minni, því ég veit að hver nákvæmari spurning muni vekja bergmál í hans trúvarnaræfða huga; en ég þreyttist. Ég kemst ekki lengur hjá því að snerta blett í heila hans, þar sem trúvarnarfræðin er geymd, það er að segja, samsafn af gagnrökum móti öllum mótmælum gegn kristindóminum. Já, ég særti óvart við fjöðrinni, lásinn opnast, mitt vald er búið. Nú hlær hann og segir:

— Þú veizt vel að ég er algerlega mótfallinn öllum þínum skoðunum.

Svo skellihlæjum við báðir! En við eigum ekkert orðakast saman, engin röksemdafærsla á sér stað, því í sama bili og við reyndum að gefa rök og taka við þeim færi alt samtál út um þáfar. Við höfum bara setið og reynt að heilla hvor annan, við höfum talað okkur heita og notið mælskuleiðslunnar, sem hvor hefir komið til leidar hjá öðrum, við höfum hitzt til þess að njóta samverunnar. Við erum móttöðumenn en ekki óvinir, og við hittustum aftur á hverjum degi og leikum sama leikinn, særum aldrei hvor annan, veitum aldrei hvor öðrum atlögu. Við veljum mýkstu orðin og förum sem mest við megum kringum efnið, notum vægustu framsetningu. Það er eins og nokkurs konar umfangur sálnanna.

En þegar það gestirnir koma, tek ég mig upp og flyt út í eyjarnar.

Þegar ég, að þrem vikum líðnum kem aftur í baðstaðinn og geng inn í stóra borðsalinn í gisti húsinu, situr vinur minn, presturinn, við borðið innan um heldri menn og konur úr bænum.

Hann er nýrakaður og kliptur með breint, hvítt hálsbindi o í svörtum fötum. Hann er ör í bragði og allur þvingunar og raunasvipur er horfinn af honum, augun eru björt og fjörleg, en þó er enn þá eitthvert haft á tungunni og vörunum, eins og hann væri að byrgja inni hlátur.

Hann veit ekki hvað hann á að gera þegar hann sér mig; en þó stendur hann upp, heilsar mér og spyr, hvernig mér líði; og alt af er þetta óvildkunnalega bres á andliti hans, sem kemur og hverfur. Síðan hvíslar hann að mér, eins og hann væri að leika þátt gamals stúdents og félagsbróður: að brennivínsflaskan sín standi í skáppum í miðherberginu og sé merkt með P., því brennivín sé ekki veitt á gisti húsinu.

Ég sezt niður spólkorn frá honum til að borða og veiti honum eftirtekt. Andlit hans hefir annan svip nú, þegar hann talar við þetta fólk en það hafði, þegar hann talaði við mig; og hann breytist stöðugt þegar hann talar. Yfirleitt er hann mjög alvarlegur og letur engan komast of nærri sér: hann vætir að sér að gleyma sér ekki. En þegar hann snýr sér að kvenfólkinu, getur hann ekki dulid sig. Hann brosir og er ljúfmannlega lítillátur, eins og fullorðinn maður gagnvart barni, smjandrandi og undirlyllulegur, eins og ógiftur maður gagnvart kvenmanni, og heiðvirður, óaðfinnanlegur, síðsamur eins og drottins þjónn.

Þegar borðhaldinu er lokið, kemur hann yfir um til mín. Á andliti hans sést enn þá endurskin frá þeim sem hann var að tala við, og það er varmt eftir augnatillit kvennanna. Tortrygni einverunnar er horfin; sál hans hefir aft sig á öðrum: umfangurinn við þá hefir tekið burtu óttann, beint eftirtektinni, aukið minningarnar, og hann er opinskár, næstum lítill-



látur, gagnvart fyrverandi félagi sínum á eyðimörkinni. En hann vill ekki sitja til borðs með vantrúarmanninum og tala um málin, sem nú eru efst á dagskrá, því nú finnast vitni, og svo hefir hann svo marga aðra til að tala við. Þó enginn þeirra skilji hann eins vel og vantrúarmáðurinn.

Þegar hann fer, segist hann átla að koma út til mín og vera heilan dag hjá mér.

— Hér er of mikið fólk á sumrin og of fátt á veturna, segir hann. Nú verður maður að ganga vel klæddur og vera herra, og — já, þú átt gott.

Einn góðan veðurdag seint í júní sé ég svartkæddan mann koma gangandi neðan engið. Það er presturinn. Þegar hann er kominn inn í sveitastofuna kastar hann af sér svarta hattinum og dæsir og horfir í kring um sig á landslagið, eins og hann vilji sjá, hvort það sé nógu rúmt um sig, eða hvort nokkur geti séð hann. Í svefuhelberginu áinu kemur hann auga á bláa kápu; hann fer úr svarta frakkanum sínum og í kápuna; svo nær hann sér í stráhatt, pípu og staf; og eftir eitt glas af toddý vill hann fara út í skóg.

Þegar hann kemur út á engið, stingur hann báðum höndum í kápuvasana og segir, að hér sé gott og rólegt; hoppar eins og kálfur og hleypur yfir girðingarnar. Hann verður annar maður en hann var áður, og kafflinu myndar alt af að nokkru leyti munkinn.

Í dag minnstum við ekkert á stórmálin; bara göngum niður á ströndina og fáum okkur það í sjónum, syndum út í vikina. Svo göngum við með sjónum og fleygjum steinum; veltum klettum niður í sjóinn; klifrum og leitum að fúleggjum. Svo göngum við inn í myrka greiðskóginn. Þar er hann eins og heima hjá sér: hóar og syngur; rotar nöðrur með göngustafnum, lokkar fuglana til að svara sér og flýjandi hérann til að sitja; þekkir elgdýrssporin, og vill endilega halda áfram og erta dýrin. Svo hlaupum við upp það, sem er brött eins og veggur, við sjáum hafið fyrir neðan okkur með þúsund klettum og eyjum. Hann tekur ofan hattinn og þurkar svitann af enninu:

— Já, það er gaman að mega vera maður ofurlitla stund — segir hann og stýnur með hræðilegum kvaðarsvip á andlitinu.

Ég svara ekki, læt ekki í ljós neina vorkunnsemi og gef honum ekki ástæðu til að trúá mér fyrir neinu, þótt ég viti alt, þekki allar þær kvalir, sem líf þessa manns hylur. Þetta ergir hann. Hann veit að ég skil alt, en um leið og ég segi það mundi hann fara. Hann segir ekkert sjálfur, en þykir gaman af að fara kringum hættuna, sem er falin í því, að láta mótstöðumann sinn verða varan við leyndarmál sín; því við erum mótstöðumenn; það vitum við báðir.

Og ég finn á mér, að ef hann í augnabliks ósjálfstæði opnaði brjóst sitt og sýndi hið hræðilega átumein, þá mundi ég flýja frá honum. Skemtunin af að brjóta heilann um hann væri þá búin; og hann mundi hata mig upp í þá því af því ég hefði líf hans í hendi minni.

En við segjum ekkert, við bara skröfum saman, þegar við höfum augnablik til þess, við skröfum um veidar, fiskidrátt, siglingar og róður.

Það er komið kvöld og við verðum að fara heim til að borða kvöldmatinn. Hann hættir að syngja þegar við komum nálægt húsinu, og við börðid er hann þögull; skrökvar einhverju smávegis að húsmóðurinni um það, hvers

vegna hann sé í kápunni minni; segist ekki kæra sig um súpu, en tekur hana samt.

Við förum út á svalrnar til að skrafa saman, en hann er órólegur, því hann er ekki viss um að aðrir séu eins þagnæmskir og ég.

Svo nær hann í boga og hleypur út á hladdið og fer að skjóta örfum yfir búrkakið. Hann er svo ákafur og iðinn við það og hleypur sig móðan, að ég er í vafa um hvort hann gerir það til að láta dást að sér, eða til að komast hjá að dragast inn í hættulegt samtá. Hann heldur lengi áfram að skjóta með boganum og kallar til okkar að taka eftir, þegar honum tekst vel.

Það er brúð um hann í aukaherbergi og hann sefur þar um nóttina.

Næsta morgun kemur hann í síða, svarta frakknum að morgunverðarborðinu, hátíðle, ur og strangur á svip, eins og hann iðrist þess sem hann gerði í gær.

Þegar ég bið um bát handa honum, heyrir hann, að ég kalla gaula fiskimannskonu frá; hann segir við mig í hljóði:

— Þú átt ekki að kalla almúgakonur frá; þú skilur fólkið.

Því svara ég:

— Eru ekki allir menn jafnir?

— Jú, frammi fyrir (hann hikar við að segja orðið) Guði, en ekki frammi fyrir mönnunum. Það ættir þú að vita.

Þetta var leiðrétting gefin með ljúfmensku, sem kom í veg fyrir lengra umtal um þetta efni.

Við skildustum við ströndina, kuldalega og kurteislega, eins og við værum ánægdir með að skilja.

Í bátnum voru hundrad tómar flöskur, sem hann varð að sitja hjá.

— Breiddu eitthvað yfir flöskurnar! — skipaði hann stúlkunni, sem átti að róa.

Hún tók kápuna sína og breiddi hana yfir flöskuskammirnar, og um leið setti presturinn á sig hátíðlegan svip eins og eigandi hinna eilífu sanninda, og tók sér sæti.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGAUFUNEEND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður  
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 585 Simcoe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St.

THE ANDERSON CO., PRINTERS

## FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölusamninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

### **WILLIAM GRASSIE**

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. Box 645

---

NOTIÐ

# Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrygri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

**THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.**

VERÐLAUNAEILD

WINNIPEG, - - CANADA

Nýttiskulegasti og endingarbeiti  
skófatnaður í Canada

Drjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótrar útsendingar í vörugeymsluhúsi  
okkar í Winnipeg

**Ames Holden McCready Limited**